

HÖRGÁRSVEIT

Reglur um veitingu leyfis fyrir tímabundinni leikskólavist í Álfasteini fyrir nemanda sem á lögheimili í öðru sveitarfélagi

1. Skriflegri umsókn, á þar til gerðu eyðublaði, um tímabundna leikskólavist í Álfasteini fyrir nemanda sem á lögheimili utan Hörgársveitar skal komið til skrifstofu leikskólans. Umsókninni skal fylgja afgreiðsla viðkomandi lögheimilissveitarfélags á beiðni um leikskólavistina.
2. Leikskólastjóri tekur umsóknina til athugunar og afgreiðslu með tilliti til eftirfarandi aðstæðna:
 - fram komi í afgreiðslu lögheimilissveitarfélags að skólakostnaður verði greiddur skv. viðmiðunarfjárhæðum sem ákveðnar eru af sveitarstjórn Hörgársveitar og/eða að fyrir liggja að foreldrar/forráðamenn greiði það sem upp á það kann að vanta,
 - námsdvöl foreldra,
 - tímabundið fóstur af barnaverndarástæðum,
 - meðmæli sérfræðings um að æskilegt sé að barn sækji skóla í annað sveitarfélag vegna sérstakra aðstæðna,
 - tímabundinn flutningur (eitt ár) lögheimilis foreldra/forráðamanna frá Hörgársveit vegna sérstakra aðstæðna.
3. Forsenda afgreiðslunnar skal vera að kostnaður vegna hennar rúmist innan fjárhagsramma leikskólans.
4. Leyfi fyrir tímabundinni leikskóladvöl í Álfasteini er veitt að hámarki fyrir 12 mánuði.
5. Skrifleg skýrsla um umsóknir um tímabundna leikskólavist í Álfasteini og afgreiðslu þeirra skv. þessum reglum skal lögð fyrir fræðslunefnd eigi síðar en 30. september ár hvert fyrir næstliðið skólaár (þ.e. umsóknir sem borist höfðu frá 1. ágúst næstliðins árs til 31. júlí á líðandi ári).
6. Reglur þessar eru settar af sveitarstjórn Hörgársveitar 21. september 2011, sbr. tillögu fræðslunefndar 7. september 2011, skv. 24. gr. erindisbréfs fyrir fræðslunefnd og öðlast strax gildi.